

Melmi ehf.
b.t. Hallgríms Jónassonar, stjórnarformanns
Borgartúni 30
205 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. júní 2018
Tilvísun: 2015080003/50.4.5
Verknúmer: 3330300

Efni: Gildistími leyfis Melmis ehf. til leitar og rannsókna á málmum, dags. 23. júní 2004, með síðari breytingum, framlengdur til 1. júlí 2023, fyrir leyfissvæði nr. 14 Esja

Vísað er til bréfs, dags. 14. ágúst 2014, þar sem Orkustofnun framlengdi gildistíma leyfis Melmis ehf. til leitar og rannsókna á málmum, dags. 23. júní 2004, með síðari breytingum, til 31. desember 2016, með tveimur skilyrðum. Annað þeirra var að hafi leit og rannsóknir, samkvæmt rannsókn- og fjárhagsáætlun frá Erris Resources Ltd. sem fylgdi með umsókn, ekki hafist fyrir 15. ágúst 2015, félli leyfið úr gildi.

Í bréfi Melmis ehf., dags. 4. ágúst 2015, kemur fram að Erris Resources Ltd. hafi hætt við þátttöku í samstarfinu, en að Melmi ehf. eigi í viðræðum við JV Capital ehf. um frekari rannsóknaboranir í Þormóðsdal, en að þær viðræður séu á byrjunarstigi. Þrátt fyrir umrætt skilyrði óskaði Melmi ehf. eftir því að framlengt leyfi fyrirtækisins gildi til 31. desember 2016. Í bréfi til Melmis ehf., dags. 5. janúar 2016, benti Orkustofnun á, að samkvæmt framangreindum ákvæðum leyfisins hefði það sjálfkrafa fallið úr gildi þann 15. ágúst 2015, en stofnunin óskaði eftir frekari upplýsingum um tilgreinda þætti áður en endanleg afstaða væri tekin til beiðni Melmis ehf. Í svarbréfi Melmis ehf. til Orkustofnunar, dags. 25. janúar 2016, gerði fyrirtækið grein fyrir því að Melmi ehf., Málmis ehf. og Gold Ísland Ltd. hefðu gert samning, dags. 27. nóvember 2015, við JV Capital ehf. og North Atlantic Mining Associates Ltd., um leit og rannsóknir á málmum í Þormóðsdal, og því komi framangreindir aðilar inn í samstarfið í stað Erris Resources Ltd.

Með bréfi til Melmis ehf., dags. 6. júní 2016, gerði Orkustofnun grein fyrir því að stofnunin væri tilbúin að endurskoða afstöðu sína til leyfis Melmis ehf., og þá með gildistíma til 31. desember 2016, en einungis fyrir leyfissvæði nr. 14 Esja, samkvæmt 2. gr. leyfisins. Orkustofnun byggði ákvörðun sína á upplýsingum sem bárust í svarbréfi frá Melmi ehf., dags. 25. janúar 2016, og sérstaklega á eftirfarandi fylgiskjölum með bréfinu:

1. Short form joint venture agreement in respect of permit area 14 of the Melmi permit, þ.e. samningur milli JV Capital ehf., North Atlantic Mining Associates Ltd., Melmi ehf., Málmis ehf. og Gold Ísland Ltd., dags. 27. nóvember 2015.
2. Kynning á starfsemi/verkefnum North Atlantic Mining Associates Ltd. (NAMA).
3. Gold Iceland: work program for 2016 field season. Report prepared for Melmi ehf. and JV Capital ehf. by North Atlantic Mining Associates Ltd.

Með tölvupósti til Melmis ehf. þann 6. júlí 2016, sendi Orkustofnun drög að svo breyttu leyfi fyrir leyfissvæði nr. 14 Esja, með gildistíma til 31. desember 2016. Melmi ehf. svaraði framangreindu erindi Orkustofnunar með tölvupósti þann 16. júlí 2016, þar sem m.a. var gerð nánari grein fyrir fyrirhuguðum kjarnaborunum, skurðgreftri og jarðvegssýnatöku. Tölvupóstinum fylgdi m.a. umsókn Melmis ehf. til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, dags. 8. júlí 2016, um tímabundið starfsleyfi vegna rannsóknaborana.

Í kjölfar synjunar skipulagsnefndar Mosfellsbæjar á umsókn Iceland Resources ehf. um framkvæmdaleyfi vegna rannsóknaborana í Þormóðsdal á 419. fundi sínum 6. september 2016, lagði Orkustofnun erindi



Melmis ehf. til hliðar í ljósi óvissu um rannsóknaboranirnar. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti afgreiðslu skipulagsnefndar á 678. fundi sínum 14. september 2016. Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar synjaði umsókninni á ný og á sömu forsendum á 429. fundi sínum 31. janúar 2017, eftir að kynningarfundur hafði verið haldinn, og ný gögn lögð fram. Afgreiðsla skipulagsnefndar var samþykkt á 688. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar 8. febrúar 2017. Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 3. mars 2017, kærði Iceland Resources ehf. ákvörðun bæjarstjórnar Mosfellsbæjar frá 8. febrúar 2017, um að synja beiðni fyrirtækisins um endurupptöku vegna synjunar á umsókn um framkvæmdaleyfi vegna rannsóknaborana og skurðgraftar, og krafðist þess að ákvörðunin yrði felld úr gildi. Þann 7. júní sl. kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp þann úrskurð í máli nr. 24/2017, að kröfu Iceland Resources ehf. um ógildingu á framangreindri ákvörðun bæjarstjórnar Mosfellsbæjar var hafnað.

Að beiðni Melmis ehf. var haldinn fundur á Orkustofnun, dags. 9. maí 2018, um umbeðna framlengingu leyfisins. Á fundinum ítrekaði fyrirtækið ósk sína um að erindið yrði afgreitt, því Melmi ehf. væri með áform um að ráðast í nákvæmari jarðfræðikortlagningu á fyrirhuguðu leyfissvæði í sumar. Í tölvupósti frá Melmi ehf. til Orkustofnunar þann 14. júní sl., kemur fram að framangreindur úrskurður hafi ekki áhrif á afstöðu fyrirtækisins til framlengingar á leyfinu fyrir leyfissvæði nr. 14 Esja, og að Melmi ehf. sé mjög einbeitt í því að halda áfram leit og rannsóknum á fyrirhuguðu leyfissvæði. Jafnframt óskaði Melmi ehf. eftir því að leyfið yrði enn framlengt til fimm ára, í ljósi þeirra tafa sem orðið hafa á meðferð málsins, því reynsla fyrirtækisins væri að fjármögnun og síðan framkvæmd leitar og rannsókna taki langan tíma.

NIÐURSTAÐA

Orkustofnun hefur farið yfir erindi Melmis ehf., dags. 4. ágúst 2015, samanber og framangreind bréfasamskipti. Orkustofnun fellst á að JV Capital ehf. og North Atlantic Mining Associates Ltd. komi inn í samstarfið, samanber samning milli aðila, dags. 27. nóvember 2015, og þar með séu uppfyllt skilyrði framlengingar á leyfi Melmis ehf., samanber bréf Orkustofnunar til Melmis ehf., dags. 14. ágúst 2014.

Orkustofnun fellst ekki á beiðni Melmis ehf. um að framlengja leyfi Melmis ehf. til leitar og rannsókna á málmum, dags. 23. júní 2004, með síðari breytingum, fyrir eftirfarandi átta leyfissvæði: Hvalfjarðareldstöð (nr. 2), megineldstöðvar í Reykjadal og Laugardal (nr. 3), Snæfellsnes (nr. 4), megineldstöðvar í Víðidal og Vatnsdal (nr. 8), Laxárdalseldstöð (nr. 9), Flateyjarskagi (nr. 11), Suðausturland (nr. 12) og Skarðsheiði (nr. 13), samkvæmt 2. gr. leyfisins, því leitar- og fjármögnunaráætlanir fyrir leyfissvæðin liggja ekki fyrir.

Orkustofnun fellst á beiðni Melmis ehf. um framlengingu á leyfi til leitar og rannsókna á málmum, dags. 23. júní 2004, með síðari breytingum, til 1. júlí 2023 með eftirfarandi afmörkunum og skilyrðum:

1. Leyfið gildir einungis fyrir leyfissvæði nr. 14 Esja, samkvæmt 2. gr. leyfisins, því fyrir það leyfissvæði liggur fyrir eftirfarandi samningur um fjármögnun:
 - Short form joint venture agreement in respect of permit area 14 of the Melmi permit, þ.e. samningur milli JV Capital ehf., North Atlantic Mining Associates Ltd., Melmi ehf., Málmis ehf. og Gold Ísland Ltd., dags. 27. nóvember 2015.
2. Leitar- og rannsóknáætlun þarf að hljóta samþykki Orkustofnunar, áður en leit og rannsóknir á leyfissvæði nr. 14 Esja geta hafist. Allar beiðnir um breytingar á leitar- og rannsóknáætlun sem Orkustofnun hefur samþykkt, skulu rökstuddar og sendar stofnuninni til málsmeðferðar.

3. Með vísan í 2. mgr. 9. gr. leyfis Melmis ehf., dags. 23. júní 2004, með síðari breytingum, skal skýrsla um niðurstöður leitar og rannsókna Melmis ehf. á leyfissvæði nr. 14 Esja fyrir árið 2018, hafa borist Orkustofnun eigi síðar en 1. apríl 2019. Sömu tímamörk skulu gilda fyrir skýrslur fyrir önnur ár leyfisins.

Leyfi Melmis ehf. til leitar og rannsókna á málmum, dags. 23. júní 2004, með síðari breytingum, fyrir leyfissvæði nr. 14 Esja, gildir til 1. júlí 2023. Í samræmi við það lýkur trúnaðartímabili vegna leitar- og rannsóknagagna frá leyfissvæði nr. 14 Esja þann 1. júlí 2026, eða þremur árum eftir að leyfið rennur út, samkvæmt 1. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 3. gr. leyfisins. Ef Melmi ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir leyfissvæði nr. 14 Esja, áður en trúnaðartímabili vegna leitar- og rannsóknagagna lýkur getur fyrirtækið óskað eftir því að trúnaðartímabil vegna gagna frá leyfissvæðinu verði framlengt við útgáfu nýs leyfis.

Ákvæði 5. mgr. 3. gr. leyfisins, um að iðnaðarráðherra, nú Orkustofnun, muni á gildistíma leyfisins ekki veita öðrum leyfi til rannsókna eða nýtingar á jarðefnum sem tilgreind eru í 1. gr. og á svæðum samkvæmt 2. gr. leyfis þessa með áorðnum breytingum samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar, nema fyrir liggja samþykki leyfishafa, gildir einungis varðandi leyfissvæði nr. 14 Esja.


Orkustofnun mun í samráði við leyfishafa hnitsetja leyfissvæði nr. 14 Esja á gildistíma leyfisins.

Að öðru leyti halda sér öll skilyrði leyfis Melmis ehf., dags. 23. júní 2004, til leitar og rannsókna á málmum, með síðari breytingum, með þeim breytingum þó að Orkustofnun fer nú með leyfisveitingar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 131/2011.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, samkvæmt 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga, nr. 130/2011, skal kæra til úrskurðarnefndar borin fram innan eins mánaðar frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og skal hún vera skrifleg. Um meðferð kærna til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga, nr. 37/1993. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. stjórnslulaga skal kæra til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Virðingarfyllst,



Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri

Afrit sent til:

Bláskógabyggðar, Hafrannsóknastofnunar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Reykjavíkurborgar, Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar.

Fylgiskjal:

1. Rannsóknarleyfi til handa Melmi ehf. til að leita að málmum, útgefið af iðnaðarráðuneytinu, dags. 23. júní 2004 (6 bls.).

040300021

23.12.0

RANNSÓKNARLEYFI

til handa Melmi ehf.

Iðnaðarráðherra veitir hér með Melmi ehf., kt. 690496-2979, Garðarsbraut 5, 640 Húsavík, rannsóknarleyfi í samræmi við ákvæði laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, til að leita að og rannsaka jarðefni sem nánar eru tilgreind í 1. gr. þessa leyfis á svæðum sem tiltekin eru í 2. gr. leyfisins. Leyfið er veitt með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum og með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfinu.

Iðnaðarráðherra aflaði umsagna Orkustofnunar og umhverfissráðuneytis fyrir útgáfu leyfis þessa, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og hefur verið komið til móts við sjónarmið þessara aðila við veitingu leyfisins.

1. gr.

Rannsóknarleyfið felur í sér heimild til þess að leita að málmum, rannsaka efniseiginleika þeirra og umfang og afkastagetu líklegra námusvæða.

2. gr.

Rannsóknarleyfið tekur til eftirtalinnna 14 landsvæða sem sýnd eru á meðfylgjandi korti sem telst hluti leyfisins. Innan þessara svæða er að finna náttúruverndarsvæði og náttúruminjar sem njóta verndar skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Leyfishafi skal kynna sér rækilega staðsetningu og mörk þessara náttúruverndarsvæða og náttúruminja. Haft skal samráð við Umhverfisstofnun um rannsóknir á svæðum þar sem hættu er á að náttúruminum verði spillt. Framkvæmdir á slíkum svæðum skulu eftir atvikum tilkynntar stofnuninni, umsagnar hennar leitað eða fengið leyfi til framkvæmdanna, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd. Tilkynna skal Orkustofnun um rannsóknir á þessum svæðum.

1. **Megineldstöðin Stóra Laxá:** Svæðið afmarkast af línu, sem dregin er úr ármótum Þjórsár og Þverár að bænum Kaldbaki og þaðan að bænum Fossi, eftir heimreið frá Fossi á Þjóðveg og eftir honum til suðurs að brú á Stóru-Laxá og þaðan í ármót Þjórsár og Þverár.
2. **Hvalfjarðareldstöð:** Svæðið afmarkast af línu dreginni frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd eftir Þjóðvegi í Svínadal yfir Draga og í Skorradalavatn, eftir því til austurs til Fitja. Þaðan til suðausturs í Hvalfell og svo til vestsuðvesturs í Vindáshlíð, þaðan til suðvesturs í Laxá og eftir henni til sjávar.
3. **Megineldstöðvar í Reykjadal og Laugardal:** Svæðið afmarkast af línu dreginni til austurs frá Búðardal til Brúar í Hrútafirði, þaðan til suðurs eftir Þjóðvegi að Bifröst. Frá Bifröst til vesturs að suðurenda Langavatns og þaðan til norðvesturs að suðurenda Hítarvatns og þaðan eftir línu beint til norðurs að Hvammsfirði.
4. **Snæfellsnes:** Svæðið afmarkast í vestri af línu dreginni eftir vegi frá Arnarstapa um Jökulháls í sjó í Ólafsvík, að norðan af sjó en frá Stykkishólmi um sund milli Kiðeyjar og Klakkseyjar og milli Skáleyjar og Purkeyjar í miðjan Hvammsfjörð og beint suður í vegmót Heydalsvegjar og Skógarstrandarvegjar, að austan af Heydalsvegi og Haffjarðará og að sunnan af sjó.
5. **Sælingsdalseldstöð:** Svæðið afmarkast af línu dreginni frá botni Gilsfjarðar yfir Kleifarheiði til botns Kollafjarðar og þaðan til botns Miðfjarðar, síðan eftir Þjóðvegi

AD 62

- til Brúar í Hrutafirði og áfram eftir þjóðvegi yfir Laxárdalsheiði til Brúardals og sjávar.
6. **Arnarfjarðareldstöð:** Svæðið afmarkast að sunnan af Tálknafirði, að verstan af sjó, að norðan af Dýrafirði og að austan af þjóðvegi frá Þingeyri að Hrafnseyri og þvert um Arnarfjörð og að þjóðvegi frá Bíldudal að Tálknafirði og sjónhending í sjó.
 7. **Vatnsnes:** Svæðið afmarkast af línu frá suðurenda Miðfjarðar eftir þjóðvegi að Víðidalsá og eftir Víðidalsá að Hópi og til sjávar.
 8. **Megineldstöðvar í Víðidal og Vatnsdal:** Svæðið afmarkast af línu sem dregin er frá Blönduósi eftir þjóðvegi að Löngumýri og þaðan yfir til Grímstungu og að Litluhlíð. Frá Litluhlíð að Víðidalsá og eftir henni að Hópi og til sjávar.
 9. **Laxárdalseldstöð:** Svæðið afmarkast af þjóðvegi frá Blönduósi að Bólstaðahlíð og þaðan með vegi yfir Stórvatnsskarð til Sauðárkróks.
 10. **Öxnadalseldstöð:** Svæðið afmarkast af línu dreginni frá Möðruvöllum eftir Hörgá og síðan í Tungnahryggsjökul og þaðan suður til Hjaltadalsjökuls og suðaustur í Grjótahnúk og frá Grjótahnjúki norðaustur í Mælifell og síðan að Grund í Eyjafirði og til norðurs eftir Eyjafjarðará til sjávar.
 11. **Flateyjarskagi:** Svæðið afmarkast af línu úr ósi Fnjóskár og eftir henni að ármótum við Þverá og austur í Skjálfandafljót við Þóroddsstaði í Kinn og eftir fljótinu í sjó en í sjó en í sjó að norðan og vestan.
 12. **Suðausturland:** Svæðið afmarkast af línu sem dregin er úr sjó um Hornafjarðarfljót og eftir Hoffellsjökli í línu um Goðaborg og Þrándarjökul og að botni Berufjarðar.
 13. **Skarðsheiði:** Svæðið afmarkast til vesturs af Borgarfirði, eftir Hvítá og línu sem dregin er til austurs að Bæ, línu þaðan til suðurs að vesturenda Skorradalsvatns, frá Skorradalsvatni yfir Dragháls í Svínadal að Ferstiklu og þaðan með línu í Leirvog.
 14. **Esja:** Svæðið afmarkast af línu sem dregin er úr ósi Laxár í Kjós og eftir henni að Vindáshlíð og þaðan í hábungu Kjalar, þaðan til suðurs að Stíflisdalsvatni og þaðan til suðvesturs í Leirvogsvatn, síðan til suðurs í Lyklafell og svo til vesturs í Elliðavatn og til sjávar í Elliðaárósum.

3. gr.

Rannsóknarleyfið gildir frá dagsetningu undirskriftar iðnaðarráðherra til 31. desember 2009, með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. mgr þessarar greinar. Leyfishafi hefur að öðru jöfnu forgang að nýtingarleyfi í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfisins lýkur.

Árlega og áður en leyfishafi hefur starfsemi skv. leyfi þessu, þó eigi síðar en 1. október 2004, skal hann afhenda iðnaðarráðherra heildstæða rannsóknaráætlun sem skal uppfæra árlega og afhenda Orkustofnun, sem hefur eftirlit með framkvæmd rannsóknarleyfisins skv. 8. gr. leyfis þessa.

Eigi síðar en 1. júlí 2007 skal leyfishafi, nema um annað semjast, tilkynna iðnaðarráðherra um þau 9 svæði skv. 2. gr. sem rannsóknir munu eftir það beinast að. Jafnframt fellur niður leyfi til rannsókna fyrir hin svæðin 5 og skal leyfishafi á sama tíma afhenda Orkustofnun niðurstöður rannsókna sinna frá þeim svæðum.

Trúnaður skal ríkja um öll rannsóknargögn í þrjú ár eftir að rannsóknarleyfið fellur úr gildi, sbr. 10. gr. leyfis þessa.

Iðnaðarráðherra mun á gildistíma leyfisins ekki veita öðrum leyfi til rannsókna eða nýtingar á jarðefnum sem tilgreind eru í 1. gr. og á svæðum skv. 2. gr. leyfis þessa með áorðnum

And

breytingum skv. 3. mgr. þessarar greinar, nema fyrir liggi samþykki leyfishafa.

4. gr.

Eftirfarandi athafnir eru, á grundvelli leyfis þessa, leyfilegar án sérstaks leyfis iðnaðarráðuneytis:

- a) jarðfræðilegar og jarðefnafræðilegar rannsóknir ásamt sýnatöku sem framkvæmd er með handverkfærum, þó með þeim takmörkunum að magn sýna frá einstökum sýnatökusvæðum má ekki vera meira en 3 tonn;
- b) boranir með handborum;
- c) jarðeðlisfræðilegar rannsóknir, þó ekki ef þær fela í sér sprengingar.

Aðrar athafnir í tengslum við leyfið eru háðar sérstöku leyfi iðnaðarráðuneytis. Dæmi um athafnir sem slíkt leyfi þarf til eru:

- a) sprengingar;
- b) boranir, að frátöldum borunum með handbor;
- c) gerð námuganga;
- d) sýnataka þar sem magn fer yfir 3 tonn frá einstökum sýnatökusvæðum eða yfir 10 tonn að heildarmagni af einstökum svæðum, sbr. 2. gr.;
- e) landslagsbreytingar, uppsetning raflagna, bygginga eða annarra mannvirkja.

Iðnaðarráðuneytið getur á hverjum tíma ákveðið að tilteknar rannsóknaraðferðir eða rannsóknartæki megi ekki nota á ákveðnum tímum eða að rannsóknir séu ekki heimilár á ákveðnum tímum á nánar afmörkuðum svæðum.

Leyfishafi skal gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja að rannsóknir skapi ekki einstaklingum hættu eða valdi tjóni á eignum annarra. Ennfremur skal leyfishafinn gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hættu á mengun og/eða umhverfisspjöllum vegna rannsókna, hvort sem er á landslagi eða lífríki innan og utan rannsóknarsvæðisins.

Ef iðnaðarráðuneytið telur að rannsókn feli í sér óásættanlega hættu fyrir einstaklinga eða fyrir eignir þeirra eða á mengun eða öðrum umhverfisspjöllum getur það fyrirskipað leyfishafanum að bæta úr því ástandi innan ákveðins frests og bæta hugsanlegan skaða. Iðnaðarráðuneytið getur einnig, ef það telur þess þörf, fyrirskipað leyfishafa að stöðva leit sína að hluta eða öllu leyti, þar til hann hefur bætt úr hættuástandinu.

Leyfishafi skal ávallt hreinsa til eftir sig og bæta tjón sem orðið hefur á landslagi eða gróðri vegna leitar hans.

5. gr.

Rannsóknir, skv. leyfi þessu skulu hefjast í síðasta lagi 1. október 2004. Leyfishafi skal fyrir árslok 2006 hafa varið a.m.k. jafnvirði 1.500.000 Bandaríkjadala (u.þ.b. 110 m.kr. á verðlagi í maí 2004) til rannsókna skv. leyfi þessu og skal á fimm ára gildistíma leyfisins samtals verja jafngildi a.m.k. 3.800.000 Bandaríkjadala (u.þ.b. 280 m.kr. á verðlagi í maí 2004) til rannsókna. Leyfishafi skal afhenda yfirlit um kostnað skv. þessari grein um leið og rannsóknarskýrslur eru afhentar skv. 2. mgr. 9. gr.

Sæki leyfishafi á gildistíma leyfis þessa eða á forgangstíma skv. 1. mgr. 3. gr. leyfis þessa, og að undangengnum rannsóknnum, um nýtingarleyfi til vinnslu málma á afmörkuðu svæði innan svæðis skv. 2. gr. leyfisins, að teknu tilliti til 3. mgr. 3. gr., skal hann að uppfylltum

AOD

LL

almennum skilyrðum lögum samkvæmt eiga rétt á slíku leyfi. Í nýtingarleyfi sem útgefið yrði skv. framangreindu skal, sbr. 31. gr. 1. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, m.a. kveðið á um greiðslur fyrir námurekstur á ríkislendum (endurgjald fyrir vinnslurétt), sem ákveðnar skulu á grundvelli eftirfarandi meginreglna:

- a) Grunnjald, sem vera skal 1,2% af brúttóverðmæti grófhreinsaðs málmgrýtis frá námunni, greiðist einu sinni á ári.
- b) Viðbótargjald skal reiknað einu sinni á ári. Ef heimsmarkaðsverð á hverjum tíma er jafnt og eða lægra en lægsta verð sl. tíu ára greiðist ekkert viðbótargjald. Sé heimsmarkaðsverð hærra en lágmarksverð síðustu tíu ára reiknast viðbótargjald sem fer línulega vaxandi í hámark sem sett er við hæsta heimsmarkaðsverð undangenginna tíu ára. Grunnjaldið og viðbótargjaldið skal að hámarki vera 3,3% af brúttóverðmæti grófhreinsaðs málmgrýtis frá námunni.

Nýtingarleyfi skal í upphafi gilda í 20 ár með rétti til framlengingar tvisvar, 10 ár í senn, en skilmálar þess skulu endurskoðaðir við framlengingu.

6. gr.

Leyfishafi skal virða réttindi annarra á rannsóknarsvæðum, enda felur leyfið ekki í sér aðra takmörkun á löglegum athöfnum annarra á svæðunum en varðandi leit að málmum og tengdar rannsóknir.

7. gr.

Um greiðslu leyfishafa á opinberum gjöldum fer samkvæmt ákvæðum almennra laga sem í gildi eru á hverjum tíma.

8. gr.

Athafnir sem ekki eru tilgreindar í 2. mgr. 4. gr. þessa leyfis eru óheimilar án sérstaks leyfis iðnaðarráðuneytisins. Ráðuneytið getur hvenær sem er krafist nánari upplýsinga um athafnir leyfishafa í tengslum við rannsóknirnar.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd leitar og rannsókna skv. leyfi þessu.

Skal leyfishafi tilkynna Orkustofnun um leið og hann hefur rannsóknir á nýju svæði.

Orkustofnun hefur rétt til að fylgjast með öllum þáttum rannsóknanna og fá allar upplýsingar sem viðkemur þeim.

Orkustofnun hefur rétt til að taka sýni af öllum jarðfræðilegum efnum sem aflað er í tengslum við rannsóknirnar.

Orkustofnun getur kært vegna brota leyfishafa á þeim lögum eða reglum sem gilda um starfsemina. Orkustofnun getur gefið þau fyrirmæli sem stofnuninni finnst nauðsynleg í því sambandi og ef hún telur brotið alvarlegt getur hún fyrirskipað tímabundna stöðvun starfseminnar eða hluta hennar.

Leyfishafi getur vísað ágreiningi vegna framkvæmdar eftirlits Orkustofnunar til iðnaðarráðherra.

Leyfishafi skal greiða Orkustofnun 400 þúsund krónur á ári fyrir eftirlit vegna rannsóknaleyfis

Ad

þessa. Það hækkar annað hvert ár í hlutfalli við vísitölu launa.

9. gr.

Leyfishafi skal ekki síðar en mánuði eftir að rannsókn ákveðins svæðis er lokið senda skýrslu til Orkustofnunar um þá vinnu sem fram hefur farið á svæðinu.

Leyfishafi skal fyrir 1. apríl ár hvert senda Orkustofnun skýrslu um allar jarðfræðilegar, jarðefnafræðilegar, jarðeðlisfræðilegar rannsóknir og aðrar rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið á undangengnu ári. Skýrslan skal m.a. fjalla um eftirfarandi atriði:

- a) Lýsing á rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið, þar með talin jarðfræðileg kort og þverskurðarmyndir, kort af sýnatökusvæðum, skrá yfir boranir, jarðeðlisfræðileg kort og þverskurðarmyndir.
- b) Skýrsla um allar greiningar á sýnum sem tekin hafa verið og gagnasöfnum um þau, þar með talin öll frumgögn og niðurstöður af framhaldsrannsóknum.
- c) Yfirlit yfir allan útlagðan kostnað vegna leitar á grundvelli leyfisins, sbr. 1. mgr. 5. gr.

Ef Orkustofnun fer fram á slíkt skulu henni einnig send sýni af jarðfræðilegum efnum.

Leyfishafi skal samstundis tilkynna Orkustofnun ef verulegt magn af málmum finnst. Hann skal sömuleiðis tilkynna Orkustofnun ef önnur efni finnast sem leyfið tekur ekki til.

Öll gögn og sýni sem aflað er af leyfishafa eða af öðrum til hans nota og sem eru leitinni á leyfissvæðinu viðkomandi, skulu varðveitt í a.m.k. eitt ár eftir að leyfið rennur út. Gögnin og sýnin skulu kynnt Orkustofnun og send henni að því marki sem farið er fram á slíkt. Orkustofnun getur án endurgjalds yfirtekið borkjarna og önnur sýni allt að einu ári eftir að leyfið rennur út.

Leyfishafi skal bera allan kostnað af framangreindri skýrslugjöf.

Iðnaðarráðuneytið getur sett nánari reglur um skýrslugjöf af starfsemi sem fram fer á grundvelli leyfisins.

10. gr.

Skýrslur sem gefnar eru á grundvelli 9. gr. þessa leyfis svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum skulu meðhöndlaðar í trúnaði í allt að fimm ár eftir að skýrslan eða sýnin eru send Orkustofnun. Trúnaðartímabilinu lýkur þó þremur árum eftir að leyfið rennur út. Að trúnaðartímabili loknu er Orkustofnun heimilt að færa allar upplýsingar er viðkoma leyfi þessu á opinn gagnagrunn á vef sínum.

Leyfishafi getur gefið skriflegt samþykki sitt fyrir undanþágum frá framangreindri trúnaðarskyldu. Slíkt samþykki skal gefið nema sanngjarnar ástæður mæli gegn því.

Iðnaðarráðuneytið getur gefið út almennar upplýsingar um leit og rannsókn á leyfissvæðum. Sömuleiðis er því heimilt án takmarkana eða skilyrða að nota og birta efni sem það telur að hafi gildi fyrir almannahagsmunum, svo sem gögn og mat á umhverfisaðstæðum, jarðfræði, jarðefna- og jarðeðlisfræðilegum aðstæðum svo og þverskurðar- og loftmyndir af leitarsvæðum.

AVP

11. gr.

Leyfi þetta verður ekki framselt án leyfis ráðherra og aðför verður ekki gerð í því.

12. gr.

Iðnaðarráðherra getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða námulögum.

13. gr.

Leyfishafi skal láta landeigendur og viðkomandi sveitarstjórnir vita af fyrirhuguðum rannsóknum sínum að svo miklu leyti sem þýðingu getur haft fyrir íbúa sveitarfélagsins.

14. gr.

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli þessa leyfis í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið að leyfishafi setji tryggingu fyrir því að hann standi við skyldur sínar skv. leyfinu, þar með talið fyrir skaðabótaábyrgð sinni.



15. gr.

Leyfi þetta er gefið út á íslensku. Þýðingar á því yfir á önnur tungumál hafa ekkert sjálfstætt gildi.

16. gr.

Í samræmi við 35. tölulið 11. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, skal leyfishafi greiða í ríkissjóð kr. 100.000. Greiðslan skal innt af hendi í iðnaðarráðuneytinu við móttöku leyfis þessa.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 2004


Sveinn Þorgrímsson / 
Erla Skúladóttir